

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2017, þriðjudaginn 29. ágúst var haldinn 141. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness og hófst fundurinn kl. 17.10. Viðstödd voru Sigurður Hólm Gunnarsson, formaður, Elísabet Gísladóttir, Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Ragnar Karl Jóhannsson. Einnig sátu fundinn Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Árni Guðmundsson, áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Grafarvogs og Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fram fer umræða um opinn íbúafund um málefni Bryggjuhverfis.
2. Fram fer umræða um löggæslumál í Grafarvogi.
3. Fram fer umræða um málefni Björgunar.
 - Kl. 17.38 tekur Gísli Rafn sæti á fundinum
4. Fram fer umræða um athugasemdir íbúa vegna ólyktar sem virðist koma frá moltugerðinni í Íslenska gámafélaginu.
5. Fram fer umræða um nýtt leiðarkerfi Strætó bs.

Hverfisráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarvogs styður tillögu 4 í hugmyndum að breytingu, þ.e. Stytta að Staðahverfi.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Nauðsynlegt er að tillaga 4 verði valin, Stytting að Staðahverfi + ný leið. Þá nær leið 6 þegar Strætó kemur inn í hverfið, framhjá Bryggjuhverfi syðri enda hverfisins upp að Spöng svo að Egilshöll og svo upp að Staðarhverfi sem er jaðarluti hverfisins norðan megin og verður að vera með hverfinu í heild til að tryggja jafn aðgengi allra barna og unglinga að hverfisstrætónum sem leið 6 er Grafarvogsbúum. Algjörlega nauðsynlegt er að Strætó leið 6 nái að Egilshöll. Í hverfinu er engin frístundastrætó en leiðir 6 og leiðir 29 hafa virkað hingað til vel sem hverfisstrætóar Grafarvogs. Fagnaðarefni er aukin tíðni ferða.

6. Lögð fram styrkbeiðni frá Fjölni vegna umhverfis dags. Samþykkt að styrkja verkefnið um 25.000 kr.
7. Lagt fram bréf frá heilbrigðiseftirliti, dags. 4. ágúst 2017, vegna mengunar í Grafarvogi
8. Lagt fram bréf frá heilbrigðiseftirliti, dags. 4. ágúst 2017, varðandi slæma umgengi við Bæjarflöt.
9. Lögð fram útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 17. ágúst 2017, varðandi Gylfaflöt 2 og 4.
10. Lögð fram útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 18. júlí 2017, varðandi Spöngina 3-5 og Móaveg 2 og 4.

11. Lögð fram útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. júlí 2017, varðandi aðalskipulag Gufunes.

12. Lögð fram útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. júlí 2017 varðandi Gufunes áfanga 1.

Fundi slitið kl. 18.25

Sigurður Hólm Gunnarsson

Elísabet Gísladóttir
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Ragnar Karl Jóhannsson